Fullgild rafræn undirskrift
BJARKI ÞÓRSSON
Kennitala: 031291-2599
2026-04-28 10:02:24 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÓLAFUR KRISTINN HJÖRLEIFSSON
Kennitala: 160171-5969
2026-04-28 12:16:18 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
EINAR JÓN PÁLSSON
Kennitala: 141067-3119
2026-04-28 12:42:36 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MARGRÉT LILJA MARGEIRSDÓTTIR
Kennitala: 101291-3409
2026-04-28 15:47:03 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KARL SIGURÐUR ALVAR ALVARSSON
Kennitala: 240155-3549
2026-04-29 15:03:47 GMT
Ástæða: Undirskrift

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
3. fundur 2026 (142. fundur)
FS ritar fundargerð

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 22. apríl 2026 kl. 8:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að Skógarbraut 945 á Ásbrú.

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Bjarki Þórsson	varafulltrúi
Ólafur Kr. Hjörleifsson	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Friðfinnur Skaftason	ritari

Forföll:

Jón B. Guðnason	skipulagsnefnd
Vala Hrönn Viggósdóttir	"

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2023-2040, vinnslutillaga.
Mál nr. 567/2023 í skipulagsgátt.
1.1 Bréf frá innviðaráðuneyti til nefndarinnar dags. 1.4.2026 vegna endurskoðunar aðalskipulags er lagt fram. Bréfið er rætt.
Afgreiðsla: Bréfið verður sent Isavia og Isavia bent á að setja sig í samband við innviðaráðuneytið og Samgöngustofu um nánari upplýsingar. Skipulagsnefnd óskar svara frá Isavia um beiðni Innviðaráðuneytisins sem fram koma í bréfinu.
1.2 Til kynningar: Markmið í kafli 7.2 hafa verið uppfærð í samræmi við samþykkt á síðasta fundi og umhverfismatsskýrsla uppfærð m.t.t. umræðu um Keflavíkurveg.
1.3 Til kynningar: Bréf Isavia til nefndarinnar, dags. 20.3.2026, er lagt fram. Isavia staðfestir að félagið telji að ekkert í vinnslutillögu aðalskipulagsins komi í veg fyrir að innanlandsflugið geti færst til Keflavíkurflugvallar verði það vilji yfirvalda.

2. Umsagnarbeiðni, Suðurnesjabær – tillaga að deiliskipulagi Bala, Stafnesi.
Mál nr. 283/2026 í skipulagsgátt, opið fyrir athugasemdir til 27. apríl 2026.
Suðurnesjabær hefur óskað eftir umsögn Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar við tillögu að deiliskipulagi Bala, Stafnesi.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

3. Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040, samþykkt.
Mál nr. 1374/2024 í skipulagsgátt.
Skipulagsnefndinni hefur borist erindi frá Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja.
Lögð er fram til lokaafgreiðslu tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2024–2040 ásamt greinargerð, uppdrætti og umhverfismati.
Tillagan hefur verið unnin á vegum Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja í samvinnu við aðildarsveitarfélög. Tillagan var auglýst samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og umsagnir og athugasemdir sem bárust teknar til umfjöllunar og eftir atvikum brugðist við þeim.

Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir Svæðisskipulag Suðurnesja 2024–2040 samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

4. Önnur mál.
Önnur mál eru ekki tekin fyrir.

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður miðvikudaginn 20. maí 2026, kl. 8:15.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 8.55.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:
https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx